

Nd.

128. Nefndarálit

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og rætt það á allmörgum fundum; einnig hefir hún kynt sjer og tekið ákvörðun um ýms skjöl og erindi, er að því lúta. Eftir nákvæma athugun hefir henni, þrátt fyrir hið örðuga fjárhagsástand, virst óhjákvæmilegt að auka að nokkru leyti gjöldin á þessu tímabili. Leyfir hún sjer því að bera fram á sjerstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur, sem allar eru gjaldamegin. Að sumum þessum breytingartillögum hefir nefndin sjálf átt upptökin, en aðrar eru fram komnar fyrir tilmæli eða meðmæli hæstv. stjórnar.

Þess má enn fremur geta, áður en farið er út í einstakar breytingartillögur, að nefndin býst við að verða að bera fram fleiri viðaukatillögur áður en frumvarpið fer út úr deildinni.

Nokkrum orðum skal svo farið um hinar einstöku breytingartillögur.

1.

Laun ráðherranna eru nú, svo sem kunnugt er, 10000 kr. Fáum mun víst koma til hugar, að nokkur þeirra geti lifað á þeirri upphæð í þessu árferði, heldur muni mikið á skorta. Nefndin verður að líta svo á, að það hafi aldrei verið tilætlun þingsins að láta þessa menn gefa mikið með sjer, og það því fremur sem laun þeirra eru fast ákveðin, og mundu því vera sæmileg með venjulegu verðgildi peninga. Fyrir þessar sakir vill nefndin veita þeim nokkra dýrtíðaruppbót fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, en verður þó að játa, að hin tiltekna upphæð naumast muni gera þá skaðlausa, þótt launin þá verði ofurlítið nær sanngirni.

Tekið skal það fram, að þessi breytingartillaga er ekki fram borin að undirlagi ráðherranna, nje á þeirra vitorði, heldur eru upptökin algerlega hjá nefndinni sjálfri.

2.

Ari Arnalds sýslumaður hefir legið veikur síðan í nóvember og þarf, að dómi læknis, að leita sjer lækninga í útlöndum, ef full von á að vera um bata, og gerir læknirinn ráð fyrir, að hann þurfi að minsta kosti árs hvíld frá embættisstörfum. Hefir hann því farið fram á það við Alþingi, að það veiti honum 9500 kr. styrk til að standa straum af kostnaði þeim, sem af þessu leiðir. Þar sem nefndin telur litlar líkur til, að þessi embættismaður ríkisins geti leitað sjer heilsubótar, nema hlaupið sje undir bagga með honum, þá vill hún veita honum hjálp á þann hátt, sem nú skal tekið fram. Hann skal fá árs hvíld frá embættisstörfum, en halda þó fullum embættislaunum, og sje embætti hans þann tíma

rekið á ríkiskostnað. Þetta fyrirkomulag er gert í samráði við og samkvæmt meðmælum forsætisráðherra.

3.

Sjúkrahúsið á Akureyri hefir verið bætt mjög, og auk þess er bygt við það nýbýsi fyrir starfsfólk þess. Þetta hvorttveggja hefir kostað um 120 þús. kr. Upp í þennan kostnað veitti Alþingi 1919 23 þús. kr., en nú fer stjórnarnefnd sjúkrahússins fram á það, að fá í viðbót 60 þús. kr. úr ríkissjóði. Við þessum óskum treystir nefndin sjer ekki til að verða, bæði af fjárhagslegum ástæðum og ekki síður af hinu, að það hefir aldrei tíðkast að veita sjúkrahúsum hærri byggingarstyrk en sem nemi $\frac{1}{3}$ kostnaðar. Nefndin vill því sem næst fylgja þessu fordæmi og leggur til, að veittar sjeu í viðbót 20 þús. krónur. Að visu verður þetta samtals lítið eitt meira en þriðjungur byggingarkostnaðar, en meiri hluti nefndarinnar vill vera þetta riflegri fyrir þær sakir, að þetta sjúkrahús hefir Röntgenstæki og ljóslækningaáhöld. Telur hann því meiri líkur til, að þetta sjúkrahús verði hlutfallslega meira notað af utanhjæraðsmönnum en önnur sam-bærileg sjúkrahús. Á þetta vill minni hlutinn ekki fallast, og verður skýrt frá því undir umræðunum.

4.

Berklabjúkrunarfjelagið »Líkn«, er nú nýtur styrks úr ríkis- og bæjarsjóði, hefir lagt í allmikinn kostnað til að koma á fót í Reykjavík reglulegri hjálparstöð fyrir berklaveikt fólk, með líku sniði og lýst er í álitu berklaveikisnefndar. Hefir fjelag þetta sent til útlanda hjúkrunarkonu, til að kynna sjer þessa starfsemi, og leigt sjer góð herbergi í hinu nýja húsi S. Í. S. á Arnarhólstúni og útbúið þau hið besta. Jafnframt hefir fjelagið ráðið Sigurð Magnússon heilsuhælis-lækni á Vífilsstöðum sem lækni stöðvarinnar. Nefndin er einhuga um, að svo lofsverða starfsemi beri að styrkja sómasamlega, ekki sist, þar sem þetta er sá fyrsti vottur hennar hjer á landi. Enda hefir bæjarsjóður Reykjavíkur einnig aukið styrk sinn til fjelagsins að miklum mun.

5.

A. L. Petersen, fyrv. stöðvarstjóri í Vestmannaeyjum, sendi stjórnarráðinu erindi, þar sem hann fer fram á, að sjer verði greitt á 18. þús. króna, sem uppbót á launakjörum sínum sem stöðvarstjóri í Vestmannaeyjum. Þetta erindi og skjöl, er þar að lúta, sendi stjórnin því næst fjárveitinganefndinni. Enn fremur hefir ofangreindur maður ritað Alþingi um þetta atriði og krefst þar, auk þessa, skaðabóta. Um fyrra atriðið er það að segja, að það mál virðist mjög erfitt viðfangs, og hefir nefndin því átt erfitt með að skapa sjer rökstuddan dóm um það. Þó virðist henni það augljóst, að ekki sje það alveg að ósekju, sem þessi maður kvartar undan meðferðinni á sjer. Og það sem helst virðist benda á það, er þetta: Í fyrsta lagi mælir landssímastjóri eindregið með því, að hann fái 10000 kr. uppbót, þegar hann hafi sagt lausri stöðvarstjórastöðunni. Í öðru lagi gefur landssímastjórinn honum mjög gott vottorð, er sýnir, að maður þessi hefir staðið mætavel i stöðu sinni. Í þriðja lagi mælir ráðuneytið með því, að málaleitun hans verði að einhverju leyti sint, og virðist þannig að nokkru viðurkenna rjettmæti kröfunnar.

Af því að úr svo vöndu er að ráða, virðist nefndinni rjettast að fylgja uppástungu stjórnarinnar, og leggur því til, að honum verði veittar 5000 krónur.

Um þá skaðabótakröfu, er að framan getur, telur nefndin sjer ekki skylt að dæma, og leiðir hana því algerlega hjá sjer.

6.

Presturinn í Útskálaprestakalli hefir nú síðastliðið sumar látið endurbæta mikið prestsseturshúsið á Útskálum. Var það orðið mjög af sjer gengið, enda 30 ára gamalt, og lítt hæft til íbúðar, einkum að vetrarlagi. Aðgerð þessi hefir kostað rúmar 13 þús. krónur, enda hefir húsið nú fengið þær umbætur, að það má heita sem nýtt og að minsta kosti um 70 þús. kr. virði, eftir því sem biskup skýrir frá. Upp í þessa aðgerð hefir prestur fengið hjá stjórnarráðinu 12 þús. króna prestakallalán, en afganginn hefir hann greitt úr sínum vasa. Nú fer presturinn fram á það við Alþingi, að það losi prestakallið við þetta lán og greiði þessa upphæð úr ríkissjóði sem byggingarstyrk, vegna þess, að hann telur hverjum presti ókleift að rísa undir afborgunum og vöxtum af svo stórru upphæð. Umsagnar biskups hefir verið leitað um þetta, og er hann sammála um það, að ef svo stór byrði hvíldi á þessu prestakalli, mundu mjög lítil líkindi til, að lífvænlegt yrði þar fyrir nokkurn prest. Telur hann því rjettlált að verða að einhverju leyti við kröfu prestsins. Sömu skoðunar var einnig forsætisráðherra er hann átti tal við nefndina.

Nefndin getur fallist á þetta og telur óhjákvæmilegt að veita talsvert háan byggingarstyrk, þótt hún á hinn bóginn sjái ekki ástæðu til að verða við kröfum prestsins að öllu leyti. Því að það verður að teljast rjett og sanngjarnt, að nokkurt lán hvíli á prestakallinu, og presturinn inni af hendi greiðslu vaxta og afborgunar sem húsaleigu í þessum embættisbústað ríkisins. Slíkt lán telur nefndin að væri hæfilegt 5000 kr., og leggur því til, að veittar verði 8000 kr. í byggingarstyrk. Er þetta að fullu og öllu í samræmi við tillögur biskups.

7.

Eins og alkunnugt er, þá brunnu prestsseturshúsin á Stað í Grunnavík til kaldra kola 9. jan. þ. á. Húsin voru stór bær með torfveggjum og torfþaki. Prestur hafði vátrygt þau fyrir 14 þús. kr., og er því sú upphæð nú fyrir hendi til væntanlegrar endurbyggingar. Nú kemur prestinum og biskupi saman um það, að ekki sje rjett að reisa aftur torfbæ á þessum stað; slíkt mundi ekki borga sig til frambúðar. Vilja þeir því láta reisa steinsteypuhús. Nú hefir húsagerðarmeistari gert uppdrátt að þesskonar húsi, og áætlar að það muni kosta um 40 þús. króna. En biskup segir þá áætlun miðaða við núgildandi verðlag og gerir sjer vonir um, að húsið verði ekki yfir 30 þús. kr. þegar til kastanna kemur. Vill hann því álita, að komast mætti af með 11 þús. kr. sem beinan byggingarstyrk, og þá 5 þús. krónur í viðbót sem prestakallalán.

Nefndin fær ekki sjeð, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að unt verði að komast hjá að reisa þetta hús þegar á næsta sumri, og sjer því ekki aðra leið færa en að fara eftir tillögum biskups, enda mun stjórnin vera á sömu skoðun um málið.

8.

Rektor Mentaskólans ber sig upp undan því fyrir hönd nemendanna, að námsstyrkur til skólans sje svo litill, að hann komi að litlum sem engum notum, og óskar því eftir, að eitthvað verði úr þessu bætt nú þegar á þessu ári. Fjárveitinganefndin sendi þetta mál mentamálanefnd Nd. til umsagnar, og hefir hún eindregið lagt til, að veittur yrði sem ríflegastur viðbótarstyrkur.

Fjárveitinganefndin verður að vera henni sammála um það, að svo fram- arlega sem þessi styrkur eigi að koma að nokkru haldi, þá verði hann að hækka í því árferði, sem nú er. Leggur hún því til, að veittur verði viðbótarstyrkur, er nemi rúmlega verðstuðli þessa árs.

9.

Sveinbjörn Egilsson hefir haldið tvo fyrirlestra á mánuði við Stýrimanna- skólann um ýmislegt, er lýtur að þekkingu yfirmanna á skipum. Stjórnarráðið hefir ekki talið sig hafa neina heimild til að greiða neina þóknun fyrir þessa fyrirlestra, en þeir hafa þó verið haldnir síðastliðið skólaár upp á væntanlega fjárveitingu frá Alþingi. — Nefndin litur svo á, að þetta muni vera mjög gagn- legt fyrir nemendurna, enda maðurinn sjerstaklega fróður um þessi efni. Leggur hún því til, að veita þessa lítilfjórlegu þóknun.

10.

Fræðslumálastjóri hefir fram til þessa tíma ekkert sje haft úr rikissjóði til skrifstofuhalds. Hefir hann þó vitanlega orðið að hafa sjerstaka skrifstofu, er opin hefir verið almenningi. Það virðist sanngjarnt, að þessi starfsmaður rikisins hafi einhverja þóknun fyrir þetta, ekki síður en aðrir sambærilegir embættismenn hafa. Nefndin vill því veita honum ofurlitla þóknun á yfirstandandi fjárhagstíma- bili, samkvæmt umsókn, og getur þess jafnframt, að forsætisráðherra hefir mælst til þessa við nefndina.

11.

Í núgildandi fjárlögum er unglingaskólanum á Núpi í Dýrafirði veittur 4000 kr. árlegur styrkur, og mátti þó ekki minna vera, ef lítið er á þá aðsókn, sem að skólanum hefir verið, og það gagn, sem af honum hefir leitt. Veturinn 1918— 1919 var skóli þessi ekki statfræktur sökum fjárskorts, og fór þá einn af aðal- kennurunum frá honum. En vegna þess, að hjer var um að ræða þann mann, er skólinn mátti alls ekki missa, afrjeð skólastjórnin, þegar sjeð var fyrir að skólinn gæti starfað veturinn 1919—20, að ná þessum kennara aftur að skólanum, og var þá eigi um annað að ræða en að bjóða honum þau laun, er hann hafði í hinni nýju stöðu sinni. En þegar þessi ráðning fór fram, reiknaði skólastjórnin með því, að Núpsskólinn mundi einnig falla undir dýrtíðaruppbótarákvæði launa- laganna. En þegar sýnt varð, að svo var ekki, var það einnig fyrirsjáanlegt, að styrkurinn til skólans mundi hvergi nærri hrökkva fyrir gjöldum, og var því leitað til stjórnarinnar um viðbótarstyrk. Þennan styrk þóttist stjórnin ekki hafa heimild til að veita, en er nú meðmælt því, að fjárhæð sú, sem hjer er upp tekin, verði samþykkt. Er þetta einnig að ráði og eftir meðmælum fræðslumálastjóra. En

styrkur þessi er þó mun lægri en dýrtíðaruppbót mundi hafa numið, ef reiknað væri eftir þeim verðstuðli, er nú gildir.

12.

Páll Erlingsson sundkennari sækir um það til Alþingis, að hann fái dýrtíðaruppbót á þóknun þeirri, er honum var veitt árið 1920 til sundkenslu. Nefndin lítur svo á, að þessi maður sje alls góðs maklegur fyrir áhuga sinn og starfsemi við þessa nytsamlegu íþrótt; auk þess er hann hniginn að aldri og hefir mikinn hluta æfi sinnar starfað að þessu fyrir mjög litla þóknun. Vill hún því verða við þessari ósk hans.

13.

Frú Briet Bjarnhjeðinsdóttir sækir um það til Alþingis, að styrkur sá, sem stjórnin hefir lagt til að veittur verði kvenrjettindafjelaginu til að senda fulltrúa á alþjóðafund kvenrjettinasambandsins í Sviss, verði hækkaður um 1000 kr., og færir þær ástæður fyrir því, að 2500 kr. hafi hvergi nærri nægt til fararinnar. Nefndin telur sanngjarnt, úr því að stjórnin á annað borð hefir veitt ferðastyrk í þessu skyni, að fulltrúinn sje ekki látinn greiða mikið sje úr eigin vasa. En hitt virðist henni heldur ekki ná neinni átt, að fjelagið sjálf, er fulltrúann sendir, leggi ekkert í sólurnar, og vill því skifta að jöfnu viðbótarupphæð þeirri, er frúin sækir um, milli fjelagsins og rikissjóðs, og væntir þess, að fjelaginu muni vera ljúft að leggja fram þessa litilfjörlegu upphæð, þegar rikissjóður lætur svo mikið af hendi rakna.

14.

Ásmundur Sveinsson stundar nú framhaldsnám við listaháskólann í Stokk-hólmi, en er nú mjög fjevant, enda er vera þar dýr og námstími langur. Maður þessi er talinn mjög efnilegur og hefir hin bestu meðmæli frá þeim Einari Jóns-syni og Ríkardi Jónssyni, og þar sem ekki er sje fyrir hendi af upphæð þeirri, er úthluta átti listamönnum og skáldum, þá vill nefndin gera þessum efnilega manni ofurlitla úrlausn.

Listamenn eiga nú mjög erfitt uppdráttar, fyrir þær sakir einkum, að nú gerast fáir til að kaupa listaverk þeirra, svo sem verið hefir á undanfórnum árum. Einn af þessum mönnum er hinn viðurkendi listamaður Jóhannes Kjarval. Nefnd sú, er gera á tillögur um úthlutun styrksins til skálda og listamanna, hefir farið fram á það við stjórnarráðið, að þessum manni yrði veittur sjerstakur styrkur í fjáraukalögum, með því að henni entist ekki sjeð eins og hún hefði viljað. Stjórnin hefir eindregið mælt með þessum manni við nefndina, og þar sem nefndinni er vel kunnugt um, hversu erfitt þessi listamaður á uppdráttar, þá er hún einhuga um að mæla með ljárveitingu til hans.

Hið efnilega skáld Davið Stefánsson frá Fagraskógi hefir engan styrk hlotið hjá úthlutunarnefndinni, sem áður um getur, en nú er hann á ferð suður í löndum til þess hvorstveggja að auðga anda sinn og afla sjer heilsubótar. Nefndin sjer sjer því ekki fært að neita svo efnilegum manni um ofurlitinn styrk, þegar svo á stendur.

15.

Jóhannes L. L. Jóhannsson hefir nú, svo sem kunnugt er, í fjárlögum 1800 kr. ár hvert til undirbúnings íslenskrar orðabókar. Hann ber sig nú upp undan því við Alþingi, að honum sje ómögulegt að lifa af þessari fjárupphæð, þar sem hann er mikill ómagamaður. Til þess að bæta úr bráðustu nauðsyn hans, greiddi stjórnin honum síðastliðið vor fyrirfram 1200 kr. upp í þessa árs laun. Hefir hann því þegar eytt á því ári að minsta kosti fjórða parti af þessa árs launum, fram yfir árslaunin. Nefndin er fullkomlega sannfærð um það, að óhugsandi sje, að honum nægi hin lögákveðna upphæð, og telur því óhjákvæmilegt að veita honum nokkra dýrtíðaruppbót. Enda mun Alþingi hafa gert ráð fyrir því, að hann notaði alla starfskrafta sína í þágu orðabókarinnar, og verði ríkið því að sjá honum fyrir nægilegu lífsupphæði.

Sami maður fer fram á að fá endurgreiddan kostnað við prentun á »Áliti og tillögum um visindalega íslenska orðabók ásamt sýnishorni«. Þar sem hann hefir látið framkvæma verk þetta með þeirri sannfæringu, að hann væri þar að framkvæma fyrirmæli stjórnarinnar og heimspekisdeildar Háskólans, og hefir þeirri skoðun til stuðnings brjef stjórnarráðsins, þá finst nefndinni ekki rjettlátt að láta hann sjálfan greiða prentkostnað þennan, enda má hann alls ekki við því.

16.

Það er ofuredlilegt, að nú sje þröngt í búi hjá íslenskum námsmönnum, er nám stunda í útlöndum. Veldur því auðvitað fyrst og fremst dýrtíðin og einnig fjárþröng hjér heima fyrir. Ýmsir þessara manna eiga því ekkert annað at-hvarf nú sem stendur en að leita á náðir Alþingis. Nokkrir þessara manna hafa því sent styrkbeiðni, og þar sem nefndin verður að líta svo á, að framtíð þeirra geti verið í veði, einkum þeirra, sem eru að ljúka námi, ef þeir nú yrðu að hætta sökum fjárskorts, þá vill hún leggja til, að veittar verði nokkrar smáupphæðir í þessu skyni — smáupphæðir, sem enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir ríkissjóð, en hins vegar geta borið þjóðinni margfaldan ávöxt með því að sjá farborða ungum efnismönnum á ýmsum sviðum.

17.

Eins og sjá má á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, þá leggur hún til, að veittar verði 1000 kr. næsta ár til útgáfu lögfræðilegs og hagfræðilegs tímarits. Nú var frá upphafi ákveðið, að rit þetta skyldi hefja göngu sína í byrjun þessa árs, enda pappír í það keyptur. Virðist því enn meiri þörf að styrkja fyrirtækið þegar á þessu ári, þar sem ótrúlegt er, að allur kostnaður við það verði minni nú en næsta ár. Vill nefndin því mæla með, að það fái styrk á þessu ári, en vísar að öðru leyti til athugasemda stjórnarinnar við 41. lið 15. gr. fjárlagafrv. 1922.

18.

Svo sem kunnugt er, hafa sýslunefndir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu látið rannsaka á síðastliðnu ári Andakilsárfossana, vegna væntanlegrar rafvirkjunar og rafveitu um hjeradið og kaupúnin. Kostnaður við rannsókn þessa verður væntanlega 9—10 þús. kr. Fara nú sýslunefndirnar fram á að fá kostnað þennan greiddan úr ríkissjóði. Stjórnin hefir haft þetta mál til meðferðar og leggur til, að

veittar sjeu 5000 kr. upp í tjeðan kostnað. Nefndin telur rjett að styrkja að nokkru undirbúning svo þarflegs fyrirtækis, en virðist jafnframt sjálfsagt, að sýslu-sjóðirnir beri ekki minni hluta hans, og fer því tillaga hennar sem næst til-lögu stjórnarinnar.

19.

Hreppsnefndin í Ytri-Akraneshreppi, ásamt þingmanni Borgfirðinga, fara fram á það við Alþingi, að það veiti styrk til endurbyggingar bryggjunnar í Steinsvör á Akranesi. Bryggja þessi var upphaflega byggð árið 1907, og þá með styrk úr landssjóði, en hefir hvergi nærri reynst eins ramger og þurft hefði. Hún er því orðin mjög af sjer gengin og lítt nothæf, og samkvæmt síðustu upp-lýsingu þm. Borgf. að mestu leyti ónýt. Nú er þetta eina lendingarbót Akurnesinga, en þaðan er sjósókn talsverð og samgöngur á sjó allmiklar, svo sem alkunnugt er, og virðist nefndinni því, að eigi megi við svo búið standa, heldur verði þegar á þessu ári að endurreisa bryggjuna. Kostnaðaráætlun, er fyrir Alþingi liggur, gerir ráð fyrir, að þessi endurreisn kosti alt að 24 þús.kr. Vill nefndin því mæla með því, að veittar verði alt að 8000 kr. með hinum venjulegu skilyrðum um bryggjugerðir.

20.

Halldóra Bjarnadóttir, kenslukona á Akureyri, sem forstöðu hefir veitt kenslu í handavinnu þar, skýrir Alþingi frá því, að handavinnunámsskeiði kvenna, er styrks nýtur í fjárlögum, sje ekki haldið uppi í vetur. Óskar hún þess, að styrk þeim, sem ganga átti til námsskeiðsins í vetur, megi verja til að styrkja tvær kenslukonur námsskeiðsins til utanfarar. Nefndinni virðist sjálfsagt að heim-ila stjórninni að verja þessum lítilfjórlega styrk svo sem fram á er farið, og væntir þess, að stjórnin telji þessa umsögn nefndarinnar nægilega heimild í þessu efni.

21.

Ekkjurnar Sigríður H. Jensson og Ingileif S. Aðils skýra nefndinni frá því, sem að vísu var áður vitanlegt, að efnahag þeirra sje þannig komið, að eftirlaun þau, er þær njóta af rikissjóði, sjeu svo lág, að þau alls ekki geti nægt til lífsviðurhalds, og það því síður sem hin fyrnefnda hefir haft mikinn kostnað sökum veikinda, en hin síðarnefnda hefir börn í ómegð. Nefndin vill því mæla með, að ofurlítið sjeu bætt kjör þessara bágstöddu ekkna.

22.

Frú Guðrún, ekkja þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar, óskar þess að fá að halda þeim eftirlaunum, er maður hennar hafði. Nefndin vill veita þessari ósk eindregin meðmæli, í heiðursskyni við minningu skáldsins.

23.

Það mun öllum kunnugt, að hús það, er sýslumaðurinn í Borgarnesi bjó í, brann til kaldra kola 12. nóv. s. l. án þess að nokkru yrði bjargað. Stendur því sýslumaðurinn uppi húsnæðislaus fyrir fjölskyldu sína, embættisskrifstofu og póstafrgreiðslu. Telur hann sig því ekki eiga annars úrkosti en að reisa hús þegar í vor. Gerir hann ráð fyrir, að það verði steinsteypt og muni kosta um

80 þús. kr. Þar sem sýslumaðurinn misti allt, sem hann átti, í bruna þessum, gerir hann sjer engar vonir um að geta framkvæmt þetta nema með því móti, að hann fái lán til byggingarinnar með mjög hagfeldum kjörum. Þar sem hjer eru alveg sjerstakar ástæður fyrir hendi, sem eru þess valdandi, að þetta getur alls ekki skoðast sem nokkurt fordæmi, þá er nefndin eindregið á því að verða við þeirri beiðni hans, að hann fái lán úr viðlagasjóði, enda hefir stjórnin gefið því sín bestu meðmæli. Væntir nefndin þess, að sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, muni liðsinna sýslumanni með að ábyrgjast lánið.

Alþingi, 12. mars 1921.

Þorleifur Jónsson,
formaður.

Magnús Pjetursson,
skrifari og framsögum.

Ó. Proppé.

Magnús Jónsson.

Stefán Stefánsson.

Gunnar Sigurðsson.

Bjarni Jónsson frá Vogu.